

285. fundur Skólanefndar FS

8. maí 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Albert Albertsson, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Guðbjörg Jónatansdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ráðningamál.
2. Útskrift.
3. Önnur mál.

1. Ráðningamál.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi ráðningar. Ráðherra hefur skipað Ólaf Jón skólameistara til næstu fimm ára. Búið er að auglýsa lausar stöður. Anna Lea Björnsdóttir og Hans Uwe Vollertsen hafa sagt starfi sínu lausu. Á næstunni verður auglýst eftir verkefnisstjórum vegna raungreinabúða og stuttra námsbrauta.


2. Útskrift.

Skólameistari sagði frá útskrift sem verður laugardaginn 19. maí. Alls ætla 82 nemendur að útskrifast.

3. Önnur mál.

a) Nefndarmenn óskuðu skólameistara til hamingju með skipun hans í embættið og óskuðu honum góðs gengis í starfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari